

AUGLÝSING

um meðferð tollskjala er voru í vörslu tollstjóra fyrir 12. ágúst 1982.

1. gr.

Með auglýsingu nr. 464/1982 um tollafgreiðslugengi tilkynnti ráðuneytið, að það sölugengi myntar sem skráð er hér á landi í bönkum hinn 23. ágúst 1982 (gengisskráning nr. 143) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með gildistöku þeirrar auglýsingar. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru hafi fullgild aðflutnings skjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir niðurfellingu gengisskráningar hinn 12. ágúst 1982, enda sé tollafgreiðslu lokið eigi síðar en 3. september 1982.

Hafi innflytjandi lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og jafnframt greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir 12. ágúst 1982 er tollstjóra heimilt til 4. september 1982 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess tollafgreiðslugengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í sjö eftirfarandi flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd í kg	Sprengirými í cm ³	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	7
II	701— 800	1 001—1 300	12
III	801— 900	1 301—1 600	17
IV	901—1 100	1 601—2 000	22
V	1 101—1 300	2 001—2 300	27
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	32
VII	≥1 501	≥3 001	37

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum bifhjólum og beltabifhjólum skal greiða 17% gjald.

3. gr.

Hafi vara sem gjaldskyld er samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum verið tekin til tollmeðferðar skv. 14. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. fyrir 23. ágúst 1982 skal tollafgreiða hana samkvæmt gjaldskrá 1. gr. þeirrar reglugerðar, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram fyrir 4. september 1982. Ákvæði þetta skal gilda eftir því sem við getur átt um gjaldskylda innlenda framleiðslu, enda fari skráning skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 225/1982 fram innan sama frests.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og gildir frá og með 23. ágúst 1982.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.